



Alþingi

Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK*Alþingi
Erindi nr. Þ 131/35/
komudagur 2.12.2004*Reykjavík, 1. desember 2004
Tilvísun: 2004110035**Umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir,
192 mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 192 mál.

Efni frumvarpsins snýst um að leggja niður Hollustuháttaráð sem í sitja 9 fulltrúar, þar af 1 frá ASÍ, og setja í staðin á laggirnar samstarfsnefnd 3ja fulltrúa ráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins. Rökin fyrir þessari tillögu er að finna í athugasemdum með frumvarpinu. Þar segir m.a.:

Í ljósi þeirrar reynsiu sem fengin er af störfum ráðsins hafa Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga lagt á það áherslu að hlutverki ráðsins og samsetningu verði breytt þannig að um verði að ræða lögbundið samráðsferli er snýr að umhverfissráðherra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins enda eingöngu um að ræða atriði er varða atvinnustarfsemi. Enn fremur þykir rétt að ráðinu sé einnig ætlað að hafa frumkvæði að því að taka upp slík mál við ráðherra og sveitarfélögin. Því er lagt til að í stað hollustuháttaráðs skipi ráðherra samstarfsnefnd til fjögurra ára í senn sem fari með hlutverk ráðsins og geti auk þess haft frumkvæði að því að taka upp mál og að í nefndinni eigi sæti fulltrúi ráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins

Þá segir á öðrum stað að:

Aðkoma orkar einnig tvímælis enda vart hlutverk þess að fjalla um starfsemi sem snýst um kostnað atvinnulífsins við rekstur heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits og hið sama er að segja um ASÍ.

Hér kveður við nýjan tón varðandi samráð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er varða málefni atvinnulífsins.

Annars vegar kemur fram að breytingin byggir á tillögum Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekkert samráð hefur verið haft við ASÍ um málið eða tillögu frumvarpsins.

Hins vegar segir að þar sem starfsemin snúist um kostnað atvinnulífsins við rekstur heilbrigðis- og mengunareftirlits, orki aðkoma ASÍ tvímælis sé það



vart hlutverk ASÍ að fjalla um starfsemi sem snýst um kostnað atvinnulífsins við rekstur heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Engin rökstuðningur fylgir þessari fullyrðingu. Þá er algerlega litið framhjá mögulegri og raunverulegri skörun viðfangsefnis þessara laga við aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað og aðbúnað starfsmanna, eins og ítrekað hefur komið fram, nú síðast í tengslum við framkvæmdirnar við Kárahnjúka.

Í ljósi framanritaðs lýsir Alþýðusamband Íslands yfir furðu sinni á efni frumvarpsins og þeim skilaboðum sem í því felast. Jafnframt gerir ASÍ kröfu til þess að efni frumvarpsins verði breytt og aðild ASÍ að samráðsnefndinni tryggð.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/688
komudagur 5.1.2005

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 3. janúar 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 192. mál, hollustuháttaráð. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin mælir með samþykkt frumvarpsins og telur breytingar varðandi skipan samráðsnefndarinnar til mikilla bóta.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Vónasson
framkv.stjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi *P 131/349*
Erindi nr. *P 131/349*
komudagur *2.12.2004*

Reykjavík, 1. desember 2004

Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir - 192. mál, hollustuháttaráð.

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til bréfs Nefndasviðs Alþingis dags. 16. nóvember 2004 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Almenn umsögn

Með frumvarpinu verður sú breyting að hollustuháttaráð verður lagt niður og í stað þess komi nefnd með fulltrúum skipuðum af umhverfisráðuneyti, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum íslenskra sveitarfélaga. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa er sátt við þá breytingu. Félagið vill þó benda á að æskilegt væri að tekið yrði fram í hinna nýju 17. gr. laganna að fulltrúi sá sem skipaður er af Sambandi íslenskra sveitafélaga hafi tengsl við og þekkingu af störfum heilbrigðisnefnda. Ályktun þessa efnis var samþykkt á aðalfundi Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa þann 20. október sl. Mikilvægt er að hafa slíkan aðila í nefndinni til að tryggja að hagsmuni og sjónarmið heilbrigðisnefnda og starfsmanna þeirra.

Virðingarfyllst.

Svava S. Steinarsdóttir

Svava Svanborg Steinarsdóttir,
Formaður FHU

Alþingi
Erindi nr. P 131/S24
komudagur 7.12.2004

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði. Sími: 450 3000. Fax: 450 3005. GSM: 892 2759. Tölvupóstfang: fsv@snepa.is



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði 6.desember 2004


**Efni: Umsögn um mál nr. 192. frá Umhverfisstofnun Alþingis.
Frumvarp til laga um breytingar á lögum 7/1998, um hollusthætti og mengunarvarnir,
með síðari breytingum (hollustuháttaráð). Stjórnarfrumvarp.**

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Aðalsteinn Óskarsson', is written over the printed name.

Aðalsteinn Óskarsson



Alþingi
Erindi nr. P 131/356
komudagur 2.12.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd
b.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. desember 2004

0411115SA PS/sp
Tilv.:384

Efni: Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 16. nóvember 2004, þar óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 192. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir



Umsögn

Málsnr.: 0411115SA

Dags.: 2. desember 2004

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 384

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum (hollustuháttaráð), sbr. 192. mál 131. löggjafarþings

Með bréfi, dags. 16. nóvember sl., barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skipar ráðherra svonefnt hollustuháttaráð til fjögurra ára í senn. Ráðið er skipað nú fulltrúum, þar á meðal fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk ráðsins er að fjalla um þá þætti sem falla undir lögin og varða atvinnustarfsemi, svo sem samhæfingu krafna og eftirlits.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hollustuháttaráð verði aflagt en þess í stað skipi ráðherra *sérstaka samráðsnefnd* sem gegni sambærilegu hlutverki en geti að auki haft frumkvæði að því að taka upp mál til umfjölunar. Skal formaður skipaður af ráðherra, einn fulltrúi af Samtökum atvinnulífsins og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur breytingu þessa horfa til úrbóta og einföldunar á samráði sem rétt er að fram fari á þessu sviði milli þeirra sem fara með stjórnýsluna, þ.e. sveitarfélaganna og ráðuneytisins, og atvinnulífsins. Er því mælt með samþykkt frumvarpsins á Alþingi.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

AE/pr

25.11.2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum (hollustuháttaráð), 192. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja efni frumvarpsins og telja mjög mikilvægt að samtökin geti með lögformlegum hætti komið að sjónarmiðum sínum um þau mál er falla undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lögin eru afar víðtæk og leggja miklar kröfur á atvinnulífið í landinu varðandi heilbrigðiseftirlit, gæðastjórnun, grænt bókhald, starfsleyfi, umhverfisstjórnun og mengunareftirlit svo nokkrir þættir séu nefndir. Eins eru á grundvelli laganna gefnar út gjaldskrár fyrir opinbert eftirlit og fleiri þætti sem tengjast framkvæmd laganna en þær eru m.a. settar af sveitarfélögum vegna heilbrigðisnefnda.

Við endurskoðun laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit árið 1996 kom fram eindregin ósk fulltrúa atvinnurekenda um að þeir fengju með lögbundnum hætti að koma að málum sem falla undir lögin og varða atvinnulífið. Niðurstaðan varð sú að atvinnurekendur tilnefna nú fulltrúa í heilbrigðisnefndir og eiga auk þess fulltrúa í hollustuháttaráði. Starf hollustuháttaráðs hefur hins vegar valdið Samtökum atvinnulífsins vonbrigðum og hefur ekki náð að verða vettvangur sá sem til var stofnað og er því lýst með ágætum í greinargerð með umræddu frumvarpi.

Á síðustu árum hefur hollustuháttaráð nánast einungis fjallað um gjaldskrár heilbrigðiseftirlits og hefur ákveðinn árangur náðst í samræmingu þeirra eftir setningu leiðbeinandi reglna nr. 254/1999 um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit. Lögin veita ráðherra víðtækt vald til að setja í reglugerð ákvæði sem skipt geta atvinnulífið miklu og því mikilvægt að unnt sé að fjalla um þessa þætti í samráðsnefndinni sem gerð er tillaga um þannig að framkvæmd og eftirlit verði sem skilvirkast.

Það er að mati SA afar brýnt að eiga náð samstarf við umhverfisráðuneytið og sveitarfélögin um þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt lögunum og varða atvinnustarfsemi. Því er umrædd tillaga um breytingu á lögunum til mikilla bóta og þá að samráðsnefndin sem taka á við af hollustuháttaráði skuli geta tekið upp mál að eigin frumkvæði.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/449
komudagur 6.12.2004



U S T

Umhverfisstofnun

Nefndasvið Alþingis
umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2. desember 2004

Skjalanúmer: 22.0

Tilvísun: UST20041100100/KG

Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, hollustuháttaráð, 192. mál

Vísað er til erindis umhverfisnefndar, dags. 16. nóvember sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, hollustuháttaráð, 192. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Árni Bragason
staðgengill forstjóra

Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður